

BORGHILDUR SVERRISDÓTTIR

Kennir mömmubrek í Heilsuakademíunni

Heilsa Heimili
allt í MIÐJU BLAÐINU



FLUTNINGAR

Suðrænn trjábörkur á íslensk gólf

Sérblað um flutninga og þjónustu

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



STEINUNN SIGURÐARDÓTTIR

Sýnir í New York á tískuvikunni

Er með nýja vor- og sumarlinu

FÓLK 30



FRÍTT

FRÉTTABLAÐIÐ

11. september 2007 – 246. tölublað – 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAD Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

PRIÐJUDAGUR

Moodysson-mynd ekkert vandamál

Kvikmyndaleikur Gael Garcia setur ekki strik í reikninginn hjá Vesturporti.

FÓLK 30



Spears sló ekki í gegn

Endurkomu Britney Spears var illa tekið á MTV-hátiðinni.

FÓLK 22

Bílaröð í boði okkar

Draga mætti úr umferðarþunga með því að borga starfsmönnum sem ekki koma á bílum kaupauka, skrifar Ragnhildur Vigfúsdóttir.

Í DAG 14

Eiður vill spila

Eiður Smári Guðjohnsen segir það hafa verið erfitt að horfa á Spánarleikinn úr stúkunni. Hann vill ólmur taka þátt í leiknum gegn Norður-Írum.

ÍPÓTTIR 26

VEÐRIÐ Í DAG



BJART SUÐAUSTAN TIL Fram eftir degi verður allhvöss eða hvöss norðvestanátt austast á landinu, annars mun hægari. Smá skúrir einkum norðan til en yfirleitt þurrt syðra. Hiti 5-12 stig, hlýjast á Suðausturlandi.

VEÐUR 4



Taktu þátt

Skilaðu blaðinu að lestri loknum til endurvinnslu í gáum merktan dagblöð



Óttast ekki hrún á hlutabréfamarkaði

Ekki verða gerðar róttækjar breytingar á fjárfestingarstefnu stærstu lífeyrissjóða landsins þrátt fyrir niðursveiflu á mörkuðum. Forsvarsmenn sjóðanna segjast fjárfesta til lengri tíma og reikna með því að niðursveiflan verði skammvinn.

EFNAHAGSMÁL Stærstu lífeyrissjóðir landsins munu ekki bregðast sérstaklega við spám um niðursveiflu á fjármálamörkuðum. Forsvarsmenn þeirra óttast ekki hrún, og segja sjóðina fjárfesta til langs tíma og standa þar af leiðandi af sér sveiflur.

Úrvalsvísitalan í Kauphöll Íslands lækkaði um tæp þrjú prósent í gær og hlutabréf á mörkuð-

um víða um heim lækkuð nokkuð í verði.

„Við högum okkur ekkert öðruvísi en við gerum venjulega,“ segir Árni Guðmundsson hjá Gildilífeyrissjóði.

Engar grundvallarbreytingar verða gerðar á fjárfestingarstefnu Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, segir Haukur Hafsteinsson, framkvæmdastjóri sjóðsins. Hann

segir erlenda stýringaraðila meta stöðuna þannig að ekki verði um langtímaniðursveiflu að ræða.

Í sama streng tekur Kristján Örn Sigurðsson, framkvæmdastjóri Sameinaða lífeyrissjóðsins. „Það þurfa að vera sterkari vísbindingar um að eitthvað slæmt sé yfirvofandi á mörkuðum. Við getum ekki séð að svo sé.“

- bj. -ifv / sjá síðu 4



SVEPPIR TIL SÖLU? Þeir voru öflugir í sveppatíslunni í gær tvíburarnir Ólafur Thor og Einar Thor Magnússynir, sem urðu á vegi ljósmyndara með fangið fullt af sveppum á leið af sundæfingu í Kópavogi í gær. Sveppir eru reyndar ekki í uppáhaldi hjá piltunum en þeir segjast þó geta hugsað sér að borda matsveppi seinna meir.

FRÉTTABLAÐIÐ/EYRÓR

DNA úr Madeleine McCann varpar enn sterkari grun á foreldra hennar:

Ráða lögfræðing Pinochets

PORTRÚGAL Foreldrar Madeleine McCann, stúlkunnar sem hvarf í Portúgal í maðbryjun, hafa leitað ásjár hjá lögfræðingi sem varði Augusto heitinn Pinochet, fyrrum einræðisherra Chile.

Spænskir fjölmálar greina frá því að hjónin hafi nú ráðið til sín Michael Caplan, sem varði Pinochet árið 1999 og kom í veg fyrir að hann yrði framseldur frá Bretlandi til Spána.

Portúgalska löggreglan hefur sent McCann-málið til ríkissaksóknara, sem mun ákveða hvort þau verða

ákærð eða hvort málið verði rannsakað betur. Ólíklegt þykir að hann láti málið niður falla.

Fréttamaður Sky News hafði í gær eftir portúgólsku löggreglunni að DNA-sýni, sem fannst í skotti bíls sem hjónin leigðu mánuði eftir hvarf stúlkunnar, hefði án nokkurs vafa verið úr henni.

Ein kenningin er sú að móðirin hafi gefið Madeleine of stóran skammt svefnlyfja, aður en þau hjónin fóru út að skemmta sér.

Svo gæti farið að McCann-hjónin, sem nú eru grunud um að hafa orðið

stúlkunni að bana, viljandi eða óviljandi, misstu einnig hin tvö börn sín.

Að mati barnaverndarnefndar í Leicestershire, þar sem fjöldskýldan býr, þurfa tvíburarnir Sean og Amelie á fósturforeldrum að halda, fari svo að blöðforeldrar þeirra verði í Portúgal í lengri eða skemmri tíma vegna þessa máls.

Nefndin rannsakar einnig hvort tvíburarnir njóti yfirleitt nægilegrar umhyggju, í öllu sem á gengur, til að geta verið hjá foreldrum sínum.

- kóp

Merkar fornminjar á Englandi:

Víkingaskip fannst undir bílastæði

FORNLEIFAR Fornleifafræðingar telja sig hafa fundið um þúsund ára gamalt víkingaskip á vesturströnd Englands, á Wirral-skaga.

Skipið gæti verið meðal merkustu fornleifa sem fundist hafa á Bretlandi. Háskólinn í Nottingham leitar því fjárfram-laga til að geta hafið upprört.

Skipið er talið vera undir bílastæði, þar sem áður var krá. Það er langt inni í landi og barst hugsanlega þangað í flóði, hefur BBC eftir fræðimönum, sem fundu skipið með ódýrri jarðratsjá. Skipið fannst fyrst árið 1938 þegar kráin var rifin en verkamönnunum var skipað að hylja það á nýjan leik svo það tefdi ekki framkvæmdina. - kóp

Íslenskur ljósmyndari vinsæll:

Myndar fyrir Lexus og Rolex

MENNING Íslenski ljósmyndarinn Smári Ásmundsson nýtur mikillar



SMÁRI ÁSMUNDSSON

velgengni í auglýsingaljós-myndun í Bandaríkjum. Hann er búsettur í Boston en starfar á landsvísu. Smári hefur meðal annars myndað fyrir bílfyrirtækin Lexus og Toyota og úraframleiðandann Rolex á starfsferli sínum.

Íslenskt landslag og fólk er honum einnig kært myndnefni og Smári kemur reglulega til Íslands. „Mér finnst rosalega gaman að mynda heima. Veðrið og birtan eru alveg einstök,“ segir Smári, sem tók nýlega myndir hér á landi fyrir Getty Images.

- sun/ sjá síðu 30

TIGER
Kringlan - Smáralind - Laugavegur 13 - Glerártorg Akureyri

Blautþurrkur 200 kr

3G (ódýrari en Síminn)

Farsímalagerinn.is



Kristinn, er þetta líflegur bransi?

„Það er að minnsta kosti mikið líf í viðskiptunum.“

Hjónin Kristinn Jósepsson og Margrét Guðný Sölvadóttir eru eigendur Fylgdar, fyrsta einkarekna líkhúss Suðurlands.

Úlfur Chaka láttinn

Úlfur Chaka Karlsson, tónlistar- og myndlistarmaður, lést á Landspítalanum á sunnudag.

Úlfur var 31 árs. Eftirlifandi eiginkona Úlfur er Sigrún Hólmeirsdóttir. Úlfur háði erfiða baráttu við hvítblaði síðustu árin.

Úlfur var virkur í íslensku menningarlíf og var meðal annars söngvari hljómsveitarinnar Stjörnukisa sem vann Músíktíraunir árið 1996.



Flugóhapp í Álaborg:

Flugvél lokar flugvellinum

KAUPMANNAHÖFÐ, AP Skandinávíska flugfélagið SAS aflysti í gær öllu flugi til Álaborgar eftir nauðlendingu einnar af vélum félagsins þar á sunnudag.

Flugvél, skrifuphóta af gerðinni Q400, stóð enn óhreyfð í gær og lokaði annarri flugbrautinni. Fimm af 73 farþegum vélarinnar hlutu minni háttar meiðsl er henni var nauðlent með bilaðan lendingarbúnað.

SAS ákvað að aflysa öllu flugi til Álaborgar þar sem hin flugbraut vallarins er ekki nægilega stórr fyrir vélar félagsins. Það var 15 Evrópuflugferðum til og frá Kaupmannahöfn aflyst í tengslum við óhappið. - eb



30% afsláttur af Vega vítamínum

Acidophilus Bifidus + FOS
Mjölkursýrugerlar, góðir fyrir meltinguna.

Champignon DETOX + FOS og Spirulina
Hreinsaðu líkamann - eyðir óæskilegri lykt.

Milk Thistle DETOX
Hreinsaðu líkamann að innan.

Psyllium Husk Fibre
Rúmmálsaukandi, gott fyrir meltinguna.



www.lyfja.is



Kosið var til sveitar- og fylkisstjórnar í Noregi í gær:

Mikið fylgistarap vinstrisíalista

NOREGUR Sveitar- og fylkisstjórnar kosningar voru fram í Noregi í gær. Samkvæmt útgönguspánum sem birtar voru eftir að kjörstöðum var lokað í gærkvöld tapar Sósíalíski vinstriflokkurinn, sem undanfarin tvö ár hefur átt sæti í norsku ríkisstjórninni, miklu fylgi. Hægriflokkurinn bætir hins vegar við sig og treystir stöðu sína sem næststærsti flokkur landsins með fimmtingu atkvæða.

Samkvæmt útgönguspá norska ríkisútvarpsins, NRK, fær Verkamannaflokkurinn á landsvísu 26,3 prósent atkvæða, Sósíalíski vinstriflokkurinn 7,7 prósent, Miðflokkurinn 8,9 prósent og Kristilegi þjóðar-

flokkurinn 6,4 prósent. Framfaraflokkurinn fær 17 prósent atkvæða.

Í síðustu sveitarstjórnarkosningum fékk Sósíalíski vinstriflokkurinn 12,4 prósent atkvæða og hann fikk 8,8 prósent í síðustu þingkosningum fyrir tvemur árum.

Allt útlit var fyrir að borgarstjórnarmeirihluti borgaralegu flokkanna héldist í Ósló. Samkvæmt útgönguspá dagblaðsins VG fikk Hægriflokkurinn 22,8 prósent atkvæða í höfuðborginni, Framfaraflokkurinn 14,1 prósent, en vinstriflokkabandalagið samtals 44,7 prósent, að því er greint er frá á fréttavef Aftenposten. - aa



TAPAR Kristin Halvorsen, leiðtogi vinstrisíalista, greiðir atkvæði í Ósló í gær.

NORDICPHOTOS/AFP

Ráðist á mann við Brynju:

Sparkað ítrekað í andlit manns

DÓMSMÁL Tveir karlmenn, 39 ára og 33 ára, hafa verið ákærðir fyrir að hafa gengið í skrokk á manni við verslunina Brynju á Laugavegi 17. júní í fyrra. Mennirnir tveir réðust á manninn með höggum og spörkum.

Annar ákærður sparkað ítrekað í andlit og líkama mannsins, með þeim afleidiðingum að hann hlaut glóðarauga á báðum augum, hruf og mar í andliti og smærri áverka. Þá margbrotnaði maðurinn á ökkla er mennirnir tröðkuðu á honum.

Annar ákærður, sá yngri, er einnig sakaður um að hafa haft í vörslu sinni bitvopn og verið með þau á lofti þegar árasin átti sér stað. - mh

Stjórnarformenna í REI:

Áhugaverður geiri segir Bjarni

VÍÐSKIPTI Bjarni Ármannsson,



BJARNI ÁRMANNSON

fyrverandi bankastjóri Glitnis, staðfestir að hafa rætt við forsvarsmenn Reykjavík Energy Invest (REI) um að hann verði stjórnarformaður þessa nýja orku-fyrirtækis.

„Ég væri ekki í samtöldum

nema af alvöru, þetta er afskaplega

áhugaverður geiri,“ segir Bjarni Ármannsson. Hann vildi að örðu

leyti ekki tjá sig um málið.

Reykjavík Energy Invest er

nýstofnað fyrirtæki í eigu Orku-

veitu Reykjavíkur sem hyggst

einbeita sér að fjárfestingum í

jarðhita utan Íslands.

- bj

Prennt handtekið af lögreglu:
Trufluð við fíkniefnaiðju

LÖGREGLUMÁL Tvær konur á fertugsaldri og karlmaður á fimmtugsaldri voru handtekin í húsi í miðborg Reykjavíkur í gárdag. Í húsinu fundust efni sem talið er að séu amfetamín, hass og LSD. Á sama stað fundust afsöguð haglabyssa, rifill, rifilskot, hnifar og hlutir sem taldir eru þýfi úr þjófnaðarmáli í sama hverfi. - sbs

LANDHELGISGÆSLAN

Níu manns bjargað á hafi

Varðskipið Tyr kom níu manna áhöfn á skútu til bjargar í gær. Skútan var vélarvana og með rifin segl, en léttbátur Tyr dró hana til Keflavíkur. Skútan er erlend og var á leið til Íslands. Allir úr áhöfninni eru heilir á húfi.

Mögulegt að erlend fyrirtæki komist í hóp eigenda íslensks orkufyrirtækis:

Snýst um auðlindir segja VG

ORKUMÁL Komi erlendir fjárfestar á borð við Goldman Sachs inn í hluthafahóp Geysis Green Energy verður hlutur í íslensku orkufyrirtæki í fyrsta skipti kominn í eigu erlends aðila. Árni Þór Sigurðsson, bingmaður Vinstri grænna (VG), segir áhuga fíjarsterkra erlendra aðila á íslenskum orkufyrirtækjum ekki koma á óvart.


Árni Þór segir ómögulegt að einskorða eignarhald í orkufyrirtækjunum við innlenda aðila séu fyrirtækin á markaði á annað borð. Meðal annars þess vegna leggi VG áherslu að orkufyrirtækin verði í eigu opinbera aðila.

„Þetta snýst ekki eingöngu um eignarhald á einstökum fyrirtækjum, hvort sem þau heita Orkuveita Reykjavíkur, Hitaveita Suðurnesja eða Landsvirkjun, þetta snýst ekki síður um auðlindirnar,“ segir Árni Þór.

„Þetta getur endað með ennþá stórfelldara auðlindaframsali í orkuauðlindunum en með fiskistofnana, og var þjóðin þó nágu klofin í því máli,“ segir hann.

Arni Sigfússon, bæjarstjóri í Reykjanesbæ, er ósammála nafna sínum. Hann segir það fagnaðarefni að erlendir aðilar sýni áhuga á Geysi Green Energy,

FRETTABLAÐIÐ/GVA



HELLISHEIDARVIRKJUN Hugsanlegt er að erlend fyrirtæki eignist hlut í Geysi Green Energy, sem fíjfestir í orkuverkefnum.

rétt eins og það sé fagnaðarefni að íslensk fyrirtæki séu í útrás.

„Geysir Green ber erlent heiti og er í útrás, það væri frábært ef okkar framtaki væri sýndur slíkur áhugi að sterkt fjárfestingarfyrirtæki eins og Goldman Sahcs sýndu því áhuga,“ segir hann.

- bj

SUMIR NOTAÐIR BÍLAR ERU EINFALDLEGA BETRI EN AÐRIR



Toyota Yaris 5 dyra Sol
1300 Bensín 5 gíra
Á götuna: 08.06 Ekinn: 10.000 km
Verð: 1.490.000 kr. Skr.nr. DB-976



Toyota Yaris 3 dyra Terra
1000 Bensín 5 gíra
Á götuna: 08.04 Ekinn: 35.000 km
Verð: 920.000 kr. Skr.nr. KU-589



Toyota Corolla S/D Terra
1400 Bensín 5 gíra
Á götuna: 05.06 Ekinn: 48.000 km
Verð: 1.430.000 kr. Skr.nr. MJ-644



Toyota Land Cruiser 120 VX
4000 Bensín sjsk.
Á götuna: 04.06 Ekinn: 17.000 km
Verð: 5.350.000 kr. Skr.nr. SK-492



Toyota Land Cruiser 120 VX
4000 Bensín sjsk.
33" Vindskeið, krókur, kastaragrind, filmur o.m.fl.
Á götuna: 09.05 Ekinn: 45.000 km
Verð: 5.290.000 kr. Skr.nr. ZR-492



Toyota RAV4
2000 Bensín 5 gíra
Á götuna: 08.03 Ekinn: 73.000 km
Verð: 1.390.000 kr. Skr.nr. OY-796



Toyota Avensis W/G Terra
1800 Bensín 5 gíra
Á götuna: 05.02 Ekinn: 97.000 km
Verð: 1.090.000 kr. Skr.nr. LJ-082



Toyota RAV4
2000 Bensín sjsk.
Á götuna: 05.05 Ekinn: 58.000 km
Verð: 2.350.000 kr. Skr.nr. YI-274



VW Passat W/G Comfort line
2000 Bensín sjsk.
Álfelgur
Á götuna: 12.04 Ekinn: 39.000 km
Verð: 1.990.000 kr. Skr.nr. VH-798



Mazda 6 S/D TS
2000 Bensín sjsk.
Á götuna: 12.05 Ekinn: 30.000 km
Verð: 2.050.000 kr. Skr.nr. UU-216



VW Passat S/D Turbo Highline
2000 Bensín sjsk.
18" Felgur, leður, lúga o.fl.
Á götuna: 01.06 Ekinn: 17.000 km
Verð: 3.350.000 kr. Skr.nr. OV-879




Honda CR-V i-V-Tech
2000 Bensín sjsk.
Á götuna: 03.05 Ekinn: 28.000 km
Verð: 2.550.000 kr. Skr.nr. OS-314

BNB-sölugreining
Bílarnir ganga í gegnum strangt gæðamat sem tekur mið af aldri, akstri og viðhaldssögu bílsins. Þeir sem standast kröfurnar lenda annað hvort í floknum Úrvalsbílar eða Gæðabílar. Ef bíllinn stenst ekki kröfur okkar bjóðum við þér hann ekki.

Núna bjóðum við 12 betri notaða bíla á sannkölluðum úrvalskjörum.

BETRI NOTAÐIR BÍLAR **TOYOTA**



NISSAN PATROL STERKUR STÓR

... stinnur mjög til ferðalags

NISSAN PATROL er jeppi sem hefur fyrir löngu sannað úr hverju hann er. Björgunarsveitir hafa t.a.m í mörg ár valið að kaupa Nissan Patrol vegna þess að hann er sterkur og endingargóður. Nú bjóðum við Nissan Patrol með 35" breytingapakka frá Arctic Trucks.

NÝ VÉL

Nissan Patrol er nú með nýrri „common rail“ dísilvél.

BREYTINGAPAKKI:

- 35x12,5 R17 dekk
- Arctic Trucks álfelgur 17x10
- Málaðir brettakantar
- Úrkipping úr hjólskálum
- Fjöldrunarsvið aukið um 40mm
- Breyting á hraðamæli
- Breyttar stífur að framan
- Slökkvitæki / sjúkrapúði
- Hjólastilling / sérskoðun
- Dráttabeisli og þakbogar



Aukabúnaður á mynd - grillgrind og ljóskastarar

35" BREYTTUR

NISSAN PATROL sjálfskiptur SE

Verð aðeins **5.420.000 kr.**

KOMDU OG REYNSLUAKTU





Ert þú hlynnt(ur) aukinni löggæslu í miðbæ Reykjavíkur um helgar?

Já	95 %
Nei	5 %

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Viltu láta leggja fimmting Kolaportsins undir bílastæði?

Segdu þína skoðun á visir.is

visir



DAVID PETRAEUS Hershöfðinginn stjórnun prýddi kom fyrir þingið í gær.

Petraeus kom fyrir þingið:

Prjátíu þúsund hermenn heim

WASHINGTON, AP Bandaríska hernum hefur gengið nægilega vel í Írak til að fækka megi í herliðinu þar um 30.000 fyrir næsta sumar, að sögn Davids Petraeus, yfirmanns heraflans bandaríská í Írak. Nú eru þar 168.000 hermenn.

Petraeus kom fyrir bandaríská þingið í gær og gaf skýrslu um gang Íraksstríðsins. Demókratar á þinginu töku vel á móti honum en gagnrýndu hann einnig. „Hann er næstum örugglega rétti maðurinn í starfið,“ sagði Ike Skelton bingmaður og baði við: „Rétti maðurinn, premur árum of seint og vantar 250.000 hermenn [til að ljúka starfinu].“ - kóp

HELLA

Skemmdarvargar á ferð

Rúður voru brotnar í þremur bílum og símaklefa á Hellu í fyrirnot. Að sögn löggreglu var engu stolið úr bifreiðum svo skemmdarfysnir ein virðist hafa ráðið ferðinni. Ekki er vitað hverjir voru að verki.

LÖGREGLUFRETTIR


Eldur í mannlausum bíl

Eldur kvíknaði í bifreið sem lagt var við íbúðarhús í Grafarholti um klukkan fimm í gærmorgun. Bíllinn er gjörónýtur og bifreið sem stóð við hliðina á honum skemmdist mikið. Löggregla telur að eldurinn hafi komið upp í rafgeymi.

DÓMSMÁL

Með kannabisefni heima

Prjátíu og fimm ára karlmaður hefur verið ákerður fyrir að hafa í fórum sínum rúmlega hundrað grömm af kannabisefnum og lítlaræði af amfetamíni og E-töflum. Fíkniefnin fundust á heimili mannsins fimmtudaginn 16. mars í fyrra en ákærar var þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær.



Upplýsingar og skráning.
544 4500 / www.ntv.is

ÞÚ VERÐUR AÐ KUNNA Á TÖLVU!

ECDL er tilvalið námskeið fyrir alla sem vilja fá góða innsýn í notagildi tölvunnar. Nemendur læra þannig að nýta sér tölvutæknina, jafnt á vinnustað sem heima.

Allar kennslugreinar eru kenndar frá grunni.

ECDL er tölvunám fyrir alla!

- Grunnatriði í upplýsingatækni
- Word ritvinnsla
- PowerPoint við gerð kynningarrefnis
- Windows stýrkerfið
- Excel töflureiknir
- Internetið og tölvupóstur
- Verkefni og æfingar

78 stundir - Verð: 69.000.-

Morgunnámskeið byrjar 18. sept. kvöld- og helgarnámskeið byrjar 24. september.

ntv

NÝ TÖLVU- OG VIÐSKITASKÓLINN – VIÐURKENNDUR EINKASKÓLI Á FRAMHALDSSKÓLASTIGI

Þingmenn Framsóknarflokksins funduðu í gær með forsvarsmönnum OR:

Sáttir við hlutafélagavæðingu



BJÖRN INGI HRAFSSON

BIRKIR JÓN JÓNSSON

STJÓRNMÁL Birkir Jón Jónsson, bingmaður Framsóknarflokksins, segir þingmenn flokksins styðja hlutafélagavæðingu Orkuveitunnar eindregið. Þingflokkur Framsóknarflokksins fundaði í gær með Guðmundi Þóroddssyni, forstjóra Orkuveitu Reykjavíkur, Hjörleifi B. Kvaran aðstoðarforstjóra og Birni Inga Hrafnssyni, formanniborgarráðs og borgarfulltrúa flokksins. „Það er ekki ný hugmynd að hlutafélagavæða orkuþyrirtæki. Það hefur verið gert áður og Framsóknarflokkrinn hefur staðið að þeim breytingum. Við skiptum ekkert um skoðun í þessu máli

áfram í eigu ríkis og sveitarfélaga. „Það er ekkert sem bendir til þess að svo verði ekki, þannig að held að þetta sé bara til bóta.“

Eins og greint hefur verið frá hefur stjórn Orkuveitu Reykjavíkur beint því til eigenda sinna, Reykjavíkurborgar, Akranesbærar og Borgarbyggðar, að breyta Orkuveitu Reykjavíkur úr sameignarfyrirtæki í hlutafélag.

„Við kynntum málin fyrir þingmönnum og fórum heildstætt yfir þau,“ sagði Björn Ingi að fundi loknum. „Það var mikill skilningur á þeim sjónarmiðum sem komu fram.“ - mh

Sharif strax aftur úr landi:

Pólítískt upp-nám í Pakistan

PAKISTAN, AP Nawaz Sharif, fyrverandi forsetisráðherra Pakistans, var í gær vísað úr landi og fluttur til Sádi-Arabíu fáeinum klukkustundum eftir að hann sneri aftur til heimalandsins eftir sjö ár í útlegð.

Sharif hafði vonast til að geta blandað sér í stjórnmál í landinu á ný, með það fyrir augum að koma Pervez Musharraf hershöfðingja og forseta frá, en Musharraf hefur setið að voldum í landinu frá því hann steptyt stjórn Sharif árið 1999.

Sennilegt þykir að þetta auki á óvinsældir Musharraf heima fyrir.

- aa

Forgangsmál afgreidd í næstu samningum

Forsvarsmenn Flugleiða og Félags íslenskra atvinnuflugmanna funduðu í gær. Bjartsýnir á að deila þeirra muni leysast innan skamms. Forgangsdeilumálið rætt í næstu kjarasamningum. Búist við að flug verði með eðlilegum hætti.



FLUGMENN FUNDA Flugmenn hjá Icelandair hittu forsvarmenn Icelandair á fundi á Hótel Loftleiðum í gær þar sem málin voru rædd.

FRÉTTABLAÐID/RÓSA



JÓN KARL HELGASON Forstjóri Icelandair er bjartsýn á að delan leysist.

freyjum og flugbjónum og 25 flugmönnum um mánaðamótin. Uppsagnirnar taka gildi 1. desember.

kristjan@frettabladid.is

Framkvæmdastjóri AFLs og félagsmálaráðherra munu funda í dag:

Vinnustaðaeftirlit verði aukið

VINNUMARKADUR AFL-Starfsgreinafélag Austurlands hyggst grípa til allra þeirra aðferða sem það ræður yfir til að berjast gegn félagslegum undirboðum hjá verktakafyrirtækjum á Austurlandi. Stjórn félagsins fundaði í gær og samþykkti til-lögðu þess efnis.

Framkvæmdastjóri félagsins, Sverrir Mar Albertsson, segir að ef Vinnumálastofnun grípi ekki tafarlaust til harðra aðgerða í vinnustaðaeftirliti á félagasvæði AFLs muni forsvarmenn þess jafnvel stöðva vinnu þeirra fyrirtækja sem ekki hafa skráðu

starfsmenn sína á tilskilinn hátt eða greiða þeim ekki laun samkvæmt kjarasamningum. Aðgerðir AFLs munu meðal annars beinast gegn verktakafyrirtækjunum Hünnebeck og GT-verktökum sem vinna að byggingu Hraunaveitu Kárahnjúkavirkjunar. Talið er að fyrirtækin hafi ekki greitt erlendum starfsmönnum sínum laun samkvæmt kjarasamningum auk þess sem þau skráðu þá ekki á réttan hátt hjá Vinnumálastofnun.

Sverrir mun funda með Jóhönnu Sigurðardóttur félagsmálaráðherra í dag og segist hann ætla að leggja fram tillögur um aukna samvinnu við Vinnumálastofnun um vinnustaðaeftirlit á félagasvæði AFLs.

„Það kemur í ljós eftir fundinn með ráðherra hvaða hugmyndir hún hefur um hertar aðgerðir. En ég vona að við þurf-



FÉLAGSMÁLARÁÐHERRA Jóhanna Sigurðardóttir fundar í dag með framkvæmdastjóra AFLs.


um ekki að grípa til þeirra þótt margir félagsmenn okkar hafi kallað eftir því,“ segir Sverrir. - ifv

Magnús Brynjólfsson

Bifvélavirki

Magnús er yfirlýstur stuðningsmaður íslenska landsliðsins í fótbalta. Það þýðir ekki að hann tali eingöngu um fótbalta í fermingarveislum, lesi bara íþróttasíðurnar í blaðinu og eigi fimm mismunandi trefla í fánalitunum. Nei, það þýðir einungis að hann mætir á alla heimaleiki Íslands, staðráðinn í að styðja strákana.

Væri ekki gaman að fylla Laugardalsvöll af fólk eins og Magnúsi á miðvikudaginn?



LEIKUR ÁN FORDÓMA



ÍSLAND - NORÐUR ÍRLAND

Ísland og Norður Írland mætast í hörkuleik í undankeppni EM 2008 á Laugardalsvelli kl. 18:05 á miðvikudag. Forsala aðgöngumiða verður í gegnum miðasölukerfi á midi.is þar sem þú getur valið þér besta sætið! Mætum öll, skemmtum okkur og styðjum við bakið á strákunum...

...við erum öll í íslenska landsliðinu!



Alltaf í boltanum með KSI



MÍDAVERÐ Á LEIKDAG 12. SEPT.
Sæti á rauðu svæði kr. 5.500
Sæti á bláu svæði kr. 4.000
Sæti á grænu svæði kr. 2.000

FORSALA TIL OG MED 11. SEPT.
Sæti á rauðu svæði kr. 5.000
Sæti á bláu svæði kr. 3.500
Sæti á grænu svæði kr. 1.500



1 Hversu margir voru handteknir um helgina í miðborg Reykjavíkur vegna brota á lögreglusamþykkt?

2 Hvaða lið varð Reykjavíkurmáistari í körfuknattleik á sunnudag?

3 Skáksveit hvaða skóla varð Norðurlandameistari um helgina?

SVÖR Á SÍÐU 30

EKKI LJÓST HVORT STJÓRNVÖLD NÝTI SÉR FREST TIL EINKAVÆÐINGAR Á PÓSTÞJÓNUSTU:

Einkavæðing ekki í forgangi

PÓSTDREIFING „Þetta mál er í skoðun enerkekkiefsta forgangalistanum,“ segir Róbert Marshall, aðstoðarmaður Kristjáns Möller samgönguráðherra, um það hvort íslensk stjórnvöld hyggist nýta sér frest til 2011 til þess að afnema einkarétt á póstdreifingu bréfa. Samgöngunefnd Evrópuþingsins hefur ákvæðið að gefa Evrópulöndum lengri frest til þess að afnema einkaréttinn en frestur var áður til ársins 2009. Málið heyrir undir samgönguráðuneytíð.

Eins og greint hefur verið frá í Fréttablaðinu telur Ingimundur Sigurpálsson, forstjóri Íslandsþósts, það heppilegt að „afnema

einkarétt á póstdreifingu sem allra fyrst.“

Einkarétturinn, sem Evrópulingið hefur gefið rýmri frest til bess að afnema, er á dreifingu á pósti sem er undir 50 grómmum. Fyrst voru einkaréttarmörkin ákvæðin fyrir bréf undir 350 grómmum og þau voru síðan lækkuð í 100 grómm og 50 grómm frá ársþyrjun 2006.

Íslandspóstur hf., sem er í eigu íslenska ríkisins að fullu, hefur verið nokkuð til umræðu eftir að fyrirtækið keypti prentfyrirtækið Samskipti. Ónnur prentfyrirtækið hafa kvartað yfir innkomu ríkisins á prentmarkaðinn en forsvars-



ÍSLANDSPÓSTUR Evrópulönd hafa frest til þess að afnema einkarétt á póstdreifingu til ársins 2011. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA
menn Íslandspósts hafa svarað því til að fyrirtækið hafi verið að undirbúa fyrirtækið undir einkavæðingu með kaupunum á prentfyrirtækinu. - mh

Þýska ríkisstjórnin:

Varar fólk við bráðlausu neti

TÆKNI Práðlausar nettengingar geta verið hættulegar heilsu manna og því ber að varast notkun þeirra hvænar sem mögulegt er. Þetta kemur fram í svá þýsku ríkisstjórnarinnar við spurningum þingmannanna Græningjaflokksins. Einnig er mælt með því að nota jarðtengda síma í stað farsíma, af svipuðum ástæðum.

Fjallað er um ákvörðun þýsku ríkisstjórnarinnar í breska blaðinu Independent. Hún hefur vakið mikla athygli þarlendis enda á skjón við skoðun breskra yfirvalda á tækninni, sem hefur að mestu leyti verið jákvæð. - sbs



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Lagastofnun Málstofa

Danskur stjórnlagaréttur og dómsmálin um afhendingu íslensku handritanna.

Fyrirlesturinn fer fram á dönsku.

Miðvikudaginn 12. september kl. 12:15 Lögberg, stofa 101

Michael Jensen

Prófessor við lagadeild
Árósarháskóla



Fundarstjóri
Stefán Már Stefánsson
Prófessor



Allir velkomnir

Nánari upplýsingar á www.lagadeild.hi.is

Vill námsstyrki í stað atvinnuauglýsinga

Borgarfulltrúi Samfylkingarinnar segir ljóst að auglýsingar eftir starfsfólk á frístundaheimilin skili litlum sem engum árangri. Hún segir um mikla fjármuni að ræða sem betur væri varið í námsstyrki til starfsfólksins.

REYKJAVÍK „Mér þætti mikil að nær að veita starfsfólk frístundaheimila námsstyrki og reyna að laða þá þannig til starfa heldur en að finna sifellt upp nýtt útlit sömu auglýsingar,“ segir Sigrún Elsa Smáradóttir, borgarfulltrúi og fulltrúi Samfylkingarinnar í Íþrótt- og tómstundaráði Reykjavíkur.

Fulltrúar Samfylkingarinnar lögðu til fyrir skómmu að þeim nemum sem störfuðu á frístundaheimilum yrðu greiddir námsstyrkir ofan á laun þeirra, ekki síst til að stemma stigu við þrálatri manneklu í þessum störfum. „Það tíðkast viðast hvar annars staðar á Norðurlöndum að greiða námsstyrki. Það að greiða nemum sem starfa á frístundaheimilum slika styrki ofan á launin gæti því verið skref í þá átt og átt þátt í að stemma stigu við manneklu í þessum störfum,“ segir Sigrún og bendir á að störf á frístundaheimilum séu hlutastörf, þar sem starfsemin fari fram seinnipart dags. Slíkt fyrirkomulag hentir námsmönnum vel og mikilvægt að

borgin reyni að stuðla að því að fá þá frekar til starfa og komi þar námsstyrkir vel til greina. Hugmyndir séu um að þeir yrðu greiddir í lok námsannar og því líkur á að mynda frekari stöðugleika í mannaráðningum frístundaheimilanna. Upphæð styrksins segir hún ekki fastmótaða en tölur í kringum 70 til 80 þúsund fyrir önnina þættu henni eðlilegar.

Birgir Björn Sigurjónsson, mannauðsstjóri Reykjavíkurborgar, segir að bessar hugmyndir sem og aðrar séu til skoðunar hjá samráðshópi hjá borginni. Mikil vinna sé lögð í að laða fólk að störfum hjá borginni en hugmyndir um námsstyrki séu ekki ofarlega á baugi.

Sigrún bendir á að á almennum markaði greiði fyrirtæki oft námskeið fyrir starfsmenn sína. Hún telur að námsstyrkir gætu verið leið borgarinnar til að koma til móts við sína starfsmenn í þessum málum. Til lengri tíma litid mætti búast við því að námsmennirnir kæmu þá aftur til starfa hjá borginni að námi loknu.



FRÍSTUNDAHEIMILI Enn vantar rúmlega þúsund börn pláss á frístundaheimili.

MYND ÚR SAFNI

„Það hefur sýnt sig að þær leiðir sem hafa verið farnar til að laða að starfsfólk í þessi störf skila ekki miklu en kosta mikil. Þeim peningum mætti verja með öðrum hætti svo sem í námsstyrki,“ segir Sigrún. karen@frettabladid.is



Ávinnungur af Posareikningi SPRON:

- Háir innlánsvextir
- Allar posafærslur á sérstökum reikningi
- Auðvelt að stemma af
- Einfalt að fylgjast með posaveltunni

Nánari upplýsingar í næsta útibúi SPRON í síma 550 1200, í þjónustuveri SPRON í síma 550 1400 eða á spron.is

Posa-góður reikningur ...

Posareikningur SPRON býr yfir ótvíræðum kostum:

Hann er hávaxtareikningur sem er sérsniðinn fyrir posagreiðslur en aðeins greiðslur frá posa renna inn á reikninginn. Þannig fæst dýrmæt yfirsýn yfir veltuna og afstemming verður auðveldari.

Komdu til okkar í næsta útibú eða hringdu í síma 550 1200 og fáðu nánari upplýsingar og ráðgjöf.

75 ára

spron

NÝR CORSA



Fáir bílar hafa hlotið jafn margar viðurkenningar og nýr Opel Corsa*

Beinskiftur 1.2 L

Verð 1.590.000

Sjálfskiptur 1.4 L

Verð 1.850.000

ESP skriðvörn/stöðugleikastýring - 6 loftpúðar - Aftengjanlegur loftpúði fyrir framsæti
Fjarstýring fyrir hljómtæki í stýri - Útvarp með geislaspílara, spilar MP3 - „Aux“ tengi
í hljómtæki - Aðráttarstýri - Geymsluskúffa undir farþegasæti

* Bill ársins 2007 - What Car? - England
„Best in Class“ - Channel 4 Cars - England
Bill ársins 2007 - Samtök bílablaðamanna (MKD) - Danmörk
Fjölskyldubill ársins 2007 - Samtök bíleigenda - Belgía
2. sæti „Car of the Year“ 2007 í Evrópu



19.523 á mánuði **

** Bílasamningur miðað við 20% útborgun og eftirstöðvar í 84 máñ.

Ingvar Helgason

Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is

Lotus Professional

Heildarlausn fyrir snyrtinguna



3.982 kr.

Lotus enMotion blár snertifrir skammtari
Lotus enMotion hvítur snertifrir skammtari

1.865 kr.

Lotus sápuskammtari Foam blár
Lotus sápuskammtari Foam hvítur

1.865 kr.

þú sparar bæði
pappír og sápu með
nyju Lotus Professional
skömmturunum

VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK

Rekstrarvörur

- vinna með þér

Rettarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is

RV Unique 08/07/04

Forsætisráðherra Póllands:

Biðlar til keppinautar

PÓLLAND, AP Forsætisráðherra Póllands, Jaroslaw Kaczynski, léti í gær að því liggja að hann hallaðist að því að flokkur hans myndaði samsteypustjórnum með aðalkeppinautnum, frjálshyggjuflokknum Borgaravettvangi, ynni hans flokkur þingkosningarnar sem boðað hefur verið til í næsta mánuði.

Kaczynski virtist aðspurður í útværpsiðtali hins vegar útiloka þann möguleika að reyna að endurnýja stjórnarsamstarf íhaldsflokks síns, Laga og réttlætis, við tvo popúlistaflokka. Þar sem upp úr því samstarfi slitnaði varð að flýta kosningunum. - aa



JAROSLAW KACZYNSKI Vill skipta um samstarfsflokk í ríkisstjórn Póllands.



GAGNAGRUNNAR Deilt er um hvort gagnagrunnar Ríkislöggreglustjóra standist stjórnarskrá.

Gagnagrunnar með lagastoð

Dómsmálaráðuneyti segir Ríkislöggreglustjóra hafa rekið gagnagrunna árum saman sem eigi sér skýra lagastoð. Yfirlór sem svarar ekki spurningum segir hæstaréttarlögmaður sem gagnrýnir reglugerðir.

LÖGREGLUMÁL Allir gagnagrunnar sem Ríkislöggreglustjóri rekur hafa lagastoð, eru undir eftirliti Persónuverndar og reynt hefur á þá fyrir dómstólum, segir í yfirlýsingum frá dómsmálaráðuneytinu. Hæstaréttarlögmaður sem gagnrýndi gagnagrunnanana segist standa við gagnrýni sína.

„Það er því skýr lagahheimild fyrir starfrækslu gagnagrunnalöggreglu [þar með talið] greiningardeilda embættis Ríkislöggreglustjóra.“ segir í yfirlýsingum

dómsmálaráðuneytisins. Þar segir ennfrumur að Ríkislöggreglustjóri hafi rekið miðlæga gagnagrunna árum saman. Sérstök reglugerð um greiningardeild víki ekki frá heimildum sem Ríkislöggreglustjóri hafi og gildi almennt um meðferð og söfnun persónuupplýsinga hjá lögreglu.

Fréttablaðið greindi frá gagnrýni Jóhannesar Rúnars Jóhannssonar hæstaréttarlögmanns á ákvæði í reglugerðum frá dómsmálaráðuneytinu á sunnudag.

Jóhannes Rúnar sagði enga lagastoð fyrir heimild greiningardeilda til að vinna með viðkvæmar persónuupplýsingar.

Það sé stjórnarskrábrot að safna persónuupplýsingum og vinna með þær án fullnægjandi lagastoðar. Auk þess væri veik lagastoð fyrir gagnagrunni ríkislöggreglustjóra.

Jóhannes Rúnar segir yfirlýsingum ráðuneytisins yfirlór sem svari ekki þeiri gagnrýni sem hann hafi sett fram. Fleiri lögmennt séu þessarar skoðunar og hann hafi fengið sterkt viðbrögð við ummælum sínum.

„Það er engin lagastoð fyrir þessari upplýsingasöfnun, það er alveg skýrt,“ segir Jóhannes Rúnar.

Hann segir að ákvæði í lögum sem heimili skerðingu á persónu frelsi einstaklinga, til dæmis með því að safna viðkvæmum persónuupplýsingum, verði að vera skýr. Ekkert af þeim lagaákvæðum sem reglugerðirnar byggi á, og nefndar eru í yfirlýsingum ráðuneytisins, geti talist skýr heimild til að skerða friðhelgi einkalífs þeirra sem í hlut eigi.

Ummæli í yfirlýsingum ráðuneytisins um að reynt hafi á gagnagrunna ríkislöggreglustjóra fyrir dómstólum segir Jóhannes Rúnar ekki ganga upp. Sér vit-anlega hafi til að mynda enginn dómur fallið um gagnasöfnun greiningardeildarinnar, enda reglugerðin sett í maí síðastliðnum. Þar fyrir utan reyni ekki oft á upplýsingar úr gagnagrunnum lögreglu í dómsmánum.

bjann@frettabladid.is

Miele gæði

Eirvík kynnir sportlínuna frá Miele



villborga@centrum.is

Miele**ÞVOTTAVÉL frá kr. 99.900**

- Íslenskt stjórnborð
- Íslenskar leiðbeiningar
- Stórt hurðarop
- 20 ára ending

Gerð	Listaverð	TILBOÐ
Þvottavél W1514	142.714	99.900
1400sn/min/5 kg		
Þurrkari T7644C	135.571	94.900
rakaþéttir/6 kg		

Verið velkomin í glæsilegar verslanir Eirvíkur á Akureyri og í Reykjavík og kynnið ykkur Miele þvottavélar.

30%**AFSLÁTTUR****EIRVÍK** -hágæðaheimilistæki

Unglingspiltur á Selfossi:

Játaði að hafa kveikt í skúr

ÍKVEIKJA Unglingspiltur hefur játað að hafa kveikt í bílskúr við fasteignasölna Bakka við Sigtún á Selfossi í byrjun ágúst. Ekki liggur fyrir hvers vegna drengurinn kveikti eldinn, en hann er undir sakhaefisaldri og verður því líklegast ekki ákærður fyrir athæfið.

Eldurinn var kveiktur við vesturgafi bílskúrsins og teygði eldurinn sig upp í þaksperrur. Skemmdirnar á skúnum voru minni háttar. Að sögn fulltrúa lögreglunnar á Selfossi fer málíð ný til Barnaverndardefnarar, þar sem reynt verður að finna á því lausn.

- sþs



NEYÐARLÍNAN Um 109 þúsund símtöl bárust Neyðarlínu í fyrra þar sem óskað var eftir aðstoð lögreglu.

Ársskýrsla Neyðarlínunnar:
Yfir 500 neyðarsímtöl á dag

LÖGREGLUMÁL Neyðarsímtöl í síma 112, númer Neyðarlínunnar, voru tæplega 187 þúsund á síðasta ári, sem jafngildir rúmlega 500 símtölum að jafnaði hvern dag ársins. Petta er um fjögurra prósenta aukning frá fyrra ári þegar um 180 þúsund neyðarsímtöl bárust. Petta kemur fram í ársskýrslu Neyðarlínunnar sem gefin var út í gær. Þar eru neyðarsímtölum flokkuð eftir tegundum, og í rösklega helmingi tilvika var erindið að óska eftir aðstoð lögreglu.

Alls bárust 155 símtöl vegna barnaverndarmála í fyrra, sem er tæpur þriðjungur af fjölda síkra símtala árið 2005 þegar 561 símtal barst vegna bessa málaflokks.

- bj

Útgáfa upplýsingabæklinga:

Læra að búa og vinna á Íslandi

ATVINNA Bæklingurinn „Living and working in Iceland“ hefur verið gefinn út. Í honum er fjallað um lífs- og vinnuskilyrði á Íslandi. EURES, evrópsk vinnu-miðlun sem rekin er af Vinnu-málastofnun, sér um útgáfuna.

Í fréttatilkynningu kemur fram að markmiðið með útgáfunni sé að safna saman á einum stað öllu því helsta sem erlendir starfsmenn þurfi að vita og hafa í huga fyrstu mánuðina á Íslandi. Farið er yfir hluti eins og skráningu inn í landið, nauðsynleg leyfi, atvinnuleit, skattakerfið og fleira. Haegt er að nálgast bæklinginn á vefsíðu Vinnumálastofnunar, www.vinnumálastofnun.is.

- sþs

Nýtt svið Eimskipa í Ameríku:

Nýr forstjóri á kælisviði

VIDSKIPTI Nýr forstjóri hefur verið ráðinn yfir kæli- og frystigeymslu-sviði Eimskipa í Ameríku. Brad Sugden, forstjóri Versacold, tekur við af Reyni Gíslasyni, sem mun stýra annarri starfsemi Eimskipa í heimsálfunni.

Eimskip festi nýlega kaup á Versacold og liggur fyrir að sampaða rekstur Versacold og Atlas Cold Storage, sem einnig er í eigu Eimskipa.

Ameríkusið Eimskipa rekur 120 kæli- og frystigeymslur í Norður-Ameríku og starfa um 8.500 manns á vegum félagsins.

- eb

Punglyndir með langvinna sjúkdóma eru verstir til heilsunnar:

Læknar líta oft framhjá geðheilsunni

HEILSA Punglyndi heldur meira aftur af fólk en kverkabólga, liðagigt, asmi og sykursýki, samkvæmt rannsókn Alþjóðaheilbrigðis-stofnunarinnar (WHO) sem fréttavefur BBC greinir frá.

Spurningalisti var lagður fyrir meira en 245.000 manns í sextíu löndum. Eftir að tillit hafði verið tekið til þáttá að borð við fátækt og heilsufar komust rannsakendur að þeirri niðurstöðu að punglyndi væri sá þáttur sem hefði viðamest áhrif á versnandi heilsu fólks.

Enn fremur leiddi rannsóknin í ljós að fólk sem bjáðist af einum eða fleirum langvinnum sjúkdómum auk punglyndis væri verst til heilsunnar.

Somnath Chatterji, einn rannsakenda, segir niðurstöðurnar undirstrika nauðsyn



PUNGLYNDI Magnar upp veikindi vegna langvinnra sjúkdóma.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

bess að setja þunglyndi sem forgangsverkfni til að bæta heilsu almennings. Segir Chatterji samverkun punglyndis og langvinnar sjúkdóms leiða til síversnandi heilsu fólks umfram þá sem bjáist bara af þunglyndi, þá sem bjáist bara af langvinnum sjúkdómi eða þá sem bjást af fleiri en einum langvinnum sjúkdómi án þunglyndis.

Marcus Roberts, yfirmaður stefnumörkunar við bresku geðheilsulíknarstofnunina Mind, tekur undir með Chatterji um mikilvægi þess að setja meðferð við þunglyndi í forgang.

Segir hann það oft gerast að læknar líti framhjá geðheilsu sjúklinga þegar þeir einbeiti sér að meðhöndlun líkamlegra einkenna langvinnra sjúkdóma.

- sdg

Eitthvað fyrir alla!



TOSHIBA Satellite Pro A200-1KQ

Örgjörví: Intel Core Duo T2130/1.86 GHz
Vinnsluminni: 2048MB 667MHz DDR2
Skjár: 15,4" TrueBrite WXGA 1280 x 800
Skjástýring: Intel GMA 945GML
Harður diskur: 200GB, S.M.A.R.T.
Skrifari: 8x DVD±RW Super Multi
Þráðlaust netkort: 802.11 b/g
Vefmyndavél: Nei
Stýrikerfi: Windows Vista Business

Vörunúmer: TOSA2001KQ

Aðeins**3.550 kr./mán.***
89.900 kr./stgr.

*Verð miðast við meðaltalsraðgreiðslur í 36 mánuði.



Photosmart C4280 fjölnotataeki

Prentari-skanni-fjölföldun allt í sama tækini!
Prenthraði bls. á míni A4: Allt að 30 bls. í svörtu, 23 bls. í lit, ljósmynd 10x15 25 sek.

Upplausn: 4800x1200 í lit, 1200dpi í svörtu
Litar-tækni: PhotoRet IV með ljósmyndahylki
Tengi: USB 2.0 - PictBridge
Mánaðarnotkun: 1.000 bls.
Pappír: 75-200 g
Innbakki: 100 bls.
Myndavélakort: Raufar fyrir myndavélakort
SKANNI
Skannatækni: Flatbed
Upplausn: 1200x2400dpi
FJÖLFÖLDUN
Hraði bls. á míni.: 30 í svörtu, 23 í lit
Minnkun/stækkun: 50 til 400%

Vörunúmer: HPC4280

TOSHIBA Flakkari 160GB

Glæsileg hönnun og nánast alveg hljóðlaus.
Afar auðvelt að taka afrit.

Vörunúmer: TOSPX1265E1G16

**Aðeins****6.900 kr.**

Glerárgötu 34 • Akureyri
Sími 515 5160
Opið virka daga kl. 8-18

Borgartúni 29 • Reykjavík
Sími 515 5170 • Opið virka daga kl. 8-18 • laugardaga kl. 11-14



Höfðabakka 3 • Reykjavík
Sími 515 5105
Opið virka daga kl. 8-18



JANUS Tvíhöfða skjaldbakan Janus fagnaði tvo ára afmæli sínu umkringd jafnöldrum sínum og blaðamönnum á Náttúrumínjasafnini í svissnesku borginni Genf í vikunni. Janus, sem er nefnur eftir rómværas guðinum Janus sem bar tvö höfuð, fæddist 3. september árið 1997. NORDICPHOTOS/AFP

Forseti Íslands í Leedss:
Opnar vistvæna
byggingu

UTANRÍKISMÁL Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, opnar vistvænustu skrifstofubyggingu Bretlands í dag. Byggingin er í eigu dóttrarfélags Eimskipa, Innovate, og hefur hún hlutið hæstu einkunn svonefndra BREEM-staðla sem leggja mat á hve vistvænar byggingar eru.

Byggingin aflar að mestu leyti sinnar eigin orku og er hluti steyppunar úr endurunnum efnum. Opnumin er hluti af dagskrá forsetans í heimsókn hans til Leeds. Þar fundar hann meðal annars með áhrifamönnum úr viðskiptalífi borgarinnar og ræðir við rektor Leeds-háskóla.

- eb



þrjátíu sjálfboðaliðar á öllum aldri tóku þátt í selatalningu við Vatnsnes:

Töldu sjö hundruð seli

NÁTTÚRA Fyrsta árlega selatalningin fór fram við Vatnsnes í lok ágúst þegar rúmlega þrjátíu sjálfboðaliðar lögðu hönd á plógl við að telja þá 727 seli sem sáust við Vatnsnesið þennan dag. Selasetur Íslands á Hvammstanga sá um skipulagningu og framkvæmd talningarinnar. Yngsti sjálfboðaliðinn var fjögurra ára og sá elsti á átræðisaldri og gengu þeir samtals meira en sjötíu kilómetra leið. Einnig sá björgunarsveitin á staðnum um að ferja fólk á milli.

Markmið talningarinnar var að fá hugmynd um stærð landsla-



SELIR Flestir selir voru við Sigríðarstaðaós, 194, og Hindisvík, 139. Einnig voru yfir 60 við Krossanes, Svalbarð og Illugastaði.

stofnsins við Vatnsnes á bessum árstíma að sögn Hrafnhildar

Víglundsdóttur, framkvæmdastjóra Selaseturs Íslands.

„Einnig vildum við gefa heimafólk sem og öðrum áhugasónum kost að að taka þátt í rannsóknarstarfi Selasetursins.“

Hrafnhildur segist finna aukinn áhuga ferðamanna á selnum. Það sem af er ári hafa 4.000 komið á Selasetrið meðan heildarfjöldinn í fyrra var 2.500. „Íslendingar virðast í auknum mæli vera meðvitaðir um Húnaþing vestra sem áfangastað og margir koma gagngert til þess að heimsækja Selasetrið og skoða selina á Vatnsnesi í sínu náttúrulega umhverfi.“

- sdg

- lbb

Minnismerki í Viðey:

Súlan lýsir upp næturhimininn

UMHVERFISMÁL Upplýstur næturhimininn sést frá fjölmögum stöðum í höfuðborginni vegna friðarsúlunnar í Viðey.

Kveikt hefur verið tímabundið á súlunni í tilraunaskyni. Súlan er hugmynd Yoko Uno, ekkju Bítilsins John Lennon.

Kveikt verður formlega á súlunni 9. október, á afmæli Lenons.

Ráðgert er að kveikja á súlunni á hverju ári á afmælisdegi Lenons og verður hún latin lýsa til 8. desember, sem er dagurinn sem hann var myrtur í New York árið 1980.

- lbb

Afstæðishyggja ógnar vestrænni menningu

Ayaan Hirsi Ali, sem ólst upp í strangtrúaðri austur-afrískri móslimafjölskyldu en öðlaðist síðar frægð fyrir baráttu gegn kúgun móslimakvenna, segir skilningsleysi gagnvart ógnum sem vestrænn menning standi frammi fyrir ógna henni innan frá.

MENNING „Stærsta óglin við vestrænn menningu er vestrænn menning sjálf.“ Þetta sagði Ayaan Hirsi Ali, sem er sómólsk að uppruna en varð heimskunn er hún var orðin þingmaður í Hollandi og helgaði sig baráttu gegn kúgun móslimakvenna, á hádegis-spjallfundí á vegum alþjóðlegu bókmennnaháðarinnar í Reykjavík í gær. Hún er gestur hátiðarinnar í tilefni af því að sjálfs-ævisaga hennar er nýtt komin á íslensku undir titlinum Frjáls.

Með bessum orðum – að vestrænn menning sé mesta óglin við sjálfa sig – attí Ali við að sú menningarlega astfæðishyggja, sem mjög hefði grafið um sig á Vesturlöndum, kynni ekki góðri luku að stýra.

„Sú trú, að öll menning sé jafngild, er á villigötum,“ segir Ali. Hún segist trúá því að allir einstaklingar séu jafngildir, en ekki öll menning. Að sínu mati sé sú menning sem þróast hafi á Vesturlöndum einfaldlega betri en sí siðmenning sem í boði sé annars staðar meðalmannkynsins. Hún sé ekki fullkominn frekar en aðrar afurðir mannanna, en hún standi örðum framar, meðal annars vegna þess að einn grundvallarpáttá hennar sé að ala upp fullveðja, frjálsa einstaklinga, hvort sem þeir séu karlar eða konur.

„Það þýðir ekki að ég horfi framhjá voðaverkum sem unnnin hafa verið í fortíð eða nútíð af Vesturlandabúum eða í nafni frelsis og lýðræðis, en þegar ég



AYAAN HIRSI ALI Talaði á hádegissspjallfundí í Norræna húsinu í gær. Hún starfar nú í hugveitunni American Enterprise Institute í Washington D.C.

FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

„Sú trú, að öll menning sé jafngild, er á villigötum.

AYAAN HIRSI ALI

ber saman vestrænn menningu við annars staðar, þá íslömsku, kínversku, rússnesku, þá er sú vestrænn þegar allt kemur til alls sú besta.“

„Menning sem leyfir að börn séu límlest er ekki jöfn menningu þar sem kvenleikinn og fæðing stulkubarns er hyljt. Menning sem beitir nýjustu tækn til að kyngreina fóstur í því skyni að gera kleift að eyða fóstrum stulkubarna er ekki jöfn menningu sem gefur stulkum öll hugsanleg

tækifæri; menning sem innrætir börnum sínum gildi „heilags striðs“ er ekki jöfn menningu sem leitast við að ala börn sín upp í nýsköpun, þekkingarleit og skilningi á heiminum,“ segir hún.

Ali segir sofandahátt og skilningsleysi gagnvart þeim ógnum sem vestrænn menning standi frammi fyrir hafa auðveldad hnignun hennar innan frá. Ein þessara ógna sé tvímaðalaust herská útlegging íslams. Hún sé öflug hnattræn hreyfing, sem hvorki beri að of- né vanmeta. Hættulegast sé að umbera það að slík kúgunarhugmyndafræði fái prifist á Vesturlöndum í skjóli „fjölmennigar“.

audunn@frettabladid.is

Bandaríkjaforseti gerir axarsköft á APEC-fundi í Ástralíu:

Bush mismælir sig hrapallega


ÁSTRALÍA, AP George W. Bush Bandaríkjaforseti var ekki alveg í sínu besta formi á fundi með leiðtogaum úr viðskiptalífinu, sem haldinn var í óperuhúsinu í Sydney í tengslum við leiðtogafund APEC.

„Þakka ykkur fyrir að vera svona góðir gestgjafar OPEC-fundarins,“ sagði Bush í byrjun ræðu sínum á fundinum, og beindi orðum sínum að John Howard, forsætisráðherra Ástralíu. Þarna attí hann við APEC, sem er efnahagsbandalag Asíu- og Kyrrahafsríkja, en ekki OPEC, sem eru samtök olíuframleiðsluríkja.

Forsetinn var þó snöggrur að leiðréttá sig: „APEC-fundarins,“ sagði hann með mikilli áherslu, og grínaðist í framhaldinu með það að Howard hefði boðið sér á leiðtogafund OPEC á næsta ári, þótt hvorki Ástralía né Bandaríkin eigi reyndar aðild að OPEC.

Næst mismælti hann sig þegar hann hugðist þakka ástrílskum hermönnum fyrir þátttöku sína í Íraksríðinu, en talaði þá um „austurrísku hermenningin“ – nefnilega „Austrian troops“ í staðinn fyrir „Australian troops“. Í þetta sinn leiðréttá hann sig ekki.

Að ræðu lokinni gekk Bush ákveðinn út af



BUSH Á APEC-FUNDI Bandaríkjaforseti gengur í ræðustólinn, þar sem hans biðu nokkur mistök.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

sviðinu, en óvart í ranga átt – beint í áttina að djúpri gryfju, svo Howard forsætisráðherra þurfti að bregðast snöggt við til að bjarga forsetanum frá falli.

- gb

ALVÖRU VEFSÍÐUGERÐ

Alvöru námskeið í vefsíðugerð þar sem farið er í alla mikilvægustu þætti vefhönnunar s.s. útlitshönnun, myndvinnslu, HTML-kóðun, gagnagrunnstræði, Java-script, uppsetningu og viðhald bæði minni og stærri tölvukerfa.

Mikil áhersla er lögð á verklegar æfingar og í lok námskeiðs aettí nemandi að hafa lokið við eigin vef frá hugmynd að fullunnu vefsíða.

Námskeiðinu er skipt í þrjá hluta:

1. Myndvinnsla fyrir vefinn með Fireworks
2. Almenn vefsíðugerð með Dreamweaver
3. Gagnagrunnstengd vefsíðugerð með Dreamweaver

210 stundir - Verð: 199.000.-

Kvöld- og helgarnámskeið
þyrrar 18. september

ntv

NYÍ TÖLVU- OG VIÐSKIPTASKÓLINN – VIÐURKENNDUR EINKASKÓLI Á FRAMHOLDSSKÓLASTIGI

KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

OMX ÍSLAND 15
7.930 +2,82%

MESTA HÆKKUN

ATLANTIC PETR. 10,43%

Fjöldi viðskipta: 1472
Velta: 9.206 milljónir

MESTA LÆKKUN
365
EXISTA
KAUPPINGZ

5,xx%
4,63%
3,35%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITOÐU: Atorka 9,67 -2,23% ... Bakkavör 64,70 -1,67% ... Eimskipafélagið 40,00 -1,72% ... Existia 31,90 -4,63% ... FL Group 24,95 -2,92% ... Glitnir 27,85 -1,76% ... Icelandair 26,30 -3,31% ... Kaupþing 1.096 -3,52% ... Landsbankinn 39,80 -2,33% Straumur-Burðarás 19,45 -2,26% ... Össur 103,00 -0,48% ... Teymi 6,04 -0,66%

viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is



HANNES SMÁASON FL Group hefur eignast alla hluti í næststærsta hluthafa Tryggingamiðstöðvarinnar. FRÉTTABLAÐID/HEIDA

FL Group næststærst í TM

FL Group hefur keypt alla hluthafa Kjarrhólma ehf. út úr féluginu og með því eignast 37,57 prósent hlutafjár í Tryggingamiðstöðvinni. Ætla má að kaupverð nemi um 10,5 milljörðum króna en hluti bess er greiddur með bréfum í FL Group.

Kjarrhólmur er annar stærsti hluthafinn í TM á eftir Glitni, sem keypti staersta hluthafann út í síðustu viku en ætla að selja hlutina áfram til fjárfesta.

FL Group og Sund ehf. áttu fyrir viðskiptin hvort um sig 45 prósent í Kjarrhólma en Imon ehf., félag í eigu Magnúsar Ármanns, átti fimm prósent og Sólstafir ehf., sem er í eigu Þorsteins M. Jónssonar, stjórnarformanns Vífells og Glitnis, átti fimm prósent. Þeir Magnús og Þorsteinn, sem báðir eru stjórnarmenn í FL Group, juku á sama tíma við sig í FL Group fyrir 2,3 milljarða króna.

- jab
ENNEMM / SIA / NM26349



GRÍÐARLEG VIÐSKIPTI Velta á gjaldeyrismarkaði var riflega helmingi meiri í ágúst en að meðaltali á árinu.

Metvelta með gjaldeyri í ágúst

Velta á gjaldeyrismarkaði nam 750 milljörðum króna í ágúst og hefur aldrei verið meiri í einum mánuði. Mánaðarleg meðalvelta á gjaldeyrismarkaði var um 350 milljarðar fyrstu átta mánuði ársins.

Astæðuna fyrir mikilli veltuauknungi í ágúst segir greiningardeild Glitnis vera óróa á fjármálmörkuðum heims í kjölfar vandræða á bandarískum húsnæðisskuldabréfamarkaði. Krónan veiktist um 6,3 prósent í ágúst, en greiningardeildin segir hana undanfarin misseri hafa fylgt gengi annarra hávaxtamynnta, en tilkoma krónubréfaútgáfu hafi verið stór þáttur í að færa íslenskan gjaldeyrismarkað nær öðrum hávaxtamynntum á alþjóðlegum gjaldeyrismarkaði.

- jsk

HVAÐ VILTU VERÐA? HVAÐ VILTU LÆRA? HVERT VILTU FARA?

ÞÚ ERT LEIKSTJÓRINN Í ÞÍNU LÍFI, OG ÞAÐ ER SAMA HVAÐA HLUTVERK ÞÚ VELUR, KAUPPING STENDUR MEÐ ÞÉR.

KAUPPING BÝDUR ÞJÓNUSTU SEM ER SNIÐIN AD ÞÖRFUM UNGS FÓLKSI.

KANNAÐU MÁLIÐ Á WWW.KAUPTHING.IS/UNGTFOLK EDÐA HRINGDU Í SÍMA 444 7000.

HVERT ER ÞITT HLUTVERK?



KAUPPING

Hugsum lengra

Lækkun á hlutabréfamarkaði

Gengi hlutabréfavísitalna lækkaði nokkuð á sveiflukenndum degi á helstu hlutabréfamörkuðum í Asíu, Bandaríkjunum og Evrópu í gær.

Hlutabréfamarkaðir í Asíu slógu taktinn strax við opnum viðskipta skömmu eftir miðaði aðfaranótt mánudags að íslenskum tíma en þá fél Nikkei-vísitalan um 2,5 prósent. Inn í lækkunina spilaði lækkun á gengi Bandaríkjadals gagnvart japanska jeninu auk þess sem nýrbirtir hagvisar benda til að dregið hafi úr hagvexti í Japan um 1,2 prósent á öðrum ársfjórðungi.

Fjárfestar bykja uggandi um stöðu mála í Bandaríkjunum. Þar hefur atvinnulausum fjöldað umfram spár og óttast er að í kjölfar aukinna vanskila á fasteignalánamarkaði vestra geti dregið úr eftirspurn og hagvexti í kjölfarið. Það getur svo dregið úr útflutningi frá Asíu.

Fjárfestar í Bandaríkjunum hlýddu vongóðir í gær á stjórnendur seðlabanka Bandaríkjanna tjá sig um stöðu efnahagsmála þar í landi. Tónninn var með harkalegra móti og endurspeglati áherslur Ben Bernanke, seðlabankastjóra



FYLGST MED FJÁRMÁLALÍFINU Lækkun var á alþjóðlegum hlutabréfamörkuðum í gær.

Bandaríkjanna, sem hefur sagt að stýrivextir verði ekki lækkaðir fyrr en draga taki úr verðbólgu.

- jab

ÞÚ ERT
LEIKSTJÓRINN
Í ÞÍNU LÍFI

HVAÐ VILTU VERÐA? HVAÐ VILTU LÆRA? HVERT VILTU FARA?

ÞÚ ERT LEIKSTJÓRINN Í ÞÍNU LÍFI, OG ÞAÐ ER SAMA HVAÐA HLUTVERK ÞÚ VELUR, KAUPPING STENDUR MEÐ ÞÉR.

KAUPPING BÝDUR ÞJÓNUSTU SEM ER SNIÐIN AD ÞÖRFUM UNGS FÓLKSI.

